

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar -febrúar 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði ársins liggur nú fyrir. Þar sem uppgjörið nær aðeins til tveggja mánaða er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu greiðslna milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið sveiflum í einstaka liðum.

Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri jákvætt um 34,1 ma.kr. innan ársins, sem er 3,9 ma.kr. hagstæðari útkoma en á sama tíma í fyrra. Þá er hún hægstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Tekjur reyndust um 8,2 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan gjöldin hækka um 3,5 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnumður er jákvæður um 31,8 ma.kr. en var neikvæður um 1,6 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – febrúar 2006-2008

	Í milljónum króna				
	2004	2005	2006	2007	2008
Innheimtar tekjur	48 732	60 718	72 244	87 597	95 822
Greidd gjöld	44 897	47 897	47 897	56 895	60 434
Tekjujöfnumður	3 836	12 821	22 277	30 702	35 389
Söluhagn. af hlutab. og eignahl.	-	-	-	-	-
Breyting viðskiptahreyfinga	- 121	1 117	1 084	- 570	-1 302
Handbært fé frá rekstri	3 957	13 938	23 361	30 133	34 087
Fjármunahreyfingar	-1 335	4 011	-2 469	-31 733	-2 312
Hreinn lánsfjárfjöfnumður	2 622	17 948	20 892	-1 601	31 775
Afborganir lána	-13 878	-11 215	-8 064	-20 583	- 808
Innanlands	- 22	-2 216	-8 058	-20 583	- 704
Erlendis	-13 857	-9 000	- 6	-	- 104
Greiðslur til LSR og LH	-1 250	- 500	- 660	- 660	- 660
Lánsfjárfjöfnumður, brúttó	-12 506	6 233	12 168	-22 844	30 308
Lántökur	17 571	1 016	1 532	38 519	2 327
Innanlands	3 218	-3 931	1 532	38 519	2 327
Erlendis	14 353	4 947	-	-	-
Breyting á handbæru fé	5 064	7 249	13 700	15 676	32 635

Innheimtar tekjur á fyrstu tveimur mánuðum ársins námu 96 ma.kr. sem er 9,4% meira en á sama tíma 2007. Þar af námu skatttekjur og tryggingargjöld tæpum 91 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 9,9% að nafnvirði milli ára eða 6,5% umfram verðbólgu. Aðrar rekstrartekjur aukast um 9,2% en þær samanstanda einkum af vaxtatekjum og sölu á vöru og þjónustu.

Skattar á tekjur og hagnað námu 44 ma.kr. og jukust um 11,6% milli ára. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 15,7 ma.kr og jókst um 1,2% að nafnvirði frá fyrra ári. Tekjuskattur lögaðila nam 3,0 ma.kr. og minnkaði um 9,9% milli ára. Skattur af fjármagnstekjum nam 25,7 ma.kr. en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar hvert ár. Tekjur af fjármagnstekjuskatti hafa aukist um 22,8% milli ára. Eignarskattar drógust saman um 2,9% frá fyrra ári og námu 1,7 ma.kr., þar af voru stimpilgjöld 1,3 ma.kr.

Innheimta virðisaukaskatts og annarra veltuskatta er vísbending þróun innlendar eftirspurnar. Innheimta almennra veltuskatta nam 36,2 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðunum ársins sem samsvarar 2,7 ma.kr. aukningu milli ára, eða 4,8% hækkun að raunvirði. Þegar litið er á 6 mánaða hlaupandi meðaltal nemur raunhækkun veltuskatta 7,6% á ársgrundvelli. Stærsti hluti veltuskattanna er virðisaukaskattur sem nam að meðaltali um 13 ma.kr. á mánuði í janúar og febrúar og jókst um 1,6% að raunvirði frá fyrra ári. Vegna uppgjörs-tímabila og gjalddaga er rétt að líta á summu tveggja mánaða í senn til að sjá þróun heildarinnheimtunnar og er hún jafnan mest í upphafi árs vegna mikillar veltu í desember. Innheimtan var gríðarmikil í ársbyrjun 2007 en tólf mánaða takturinn féll hratt er leið á árið og yfir sumarmánuðina var innheimtan minni að raunvirði en árið áður. Um haustið tók við uppsveifla á ný sem stóð í nokkra mánuði en lauk í nóvember. Raunbreytingin milli ára hefur þannig minnkað úr 16,3% í nóvember í 1,6% í febrúar. Að raunvirði jukust vörugjöld af ökutækjum um 118,8% milli ára og olúgjald stóð óbreytt frá fyrra ári. Vörugjöld af bensíni minnkuðu um 1,6% að raunvirði. Tekjur af áfengis- og tóbaksgjaldi minnkuðu að raunvirði um 5,3%.

Af öðru má nefna að tekjur vegna tolla og aðflutningsgjalda jukust um 48,7% frá sama tíma í fyrra og námu um 1158 m.kr., innheimta tryggingargjalda jókst um 4,9% frá sama tímabili 2007.

Greidd gjöld nema 60,4 ma.kr. og hækka um 3,5 ma.kr. frá fyrra ári eða 6,9%. Milli ára hækka útgjöld mest til heilbrigðismála, um 1,1 ma.kr. eða 9,9% og til menntamála um 1 ma.kr. eða 7,3%. Hlutfallslega hækkar liðurinn óregluleg útgjöld mest eða um 73,8%. Undir þennan flokk falla liðirnir lífeyrisshækkanir og fjármagnstekjuskattur, en sá liður hækkar um tæpar 700 milljónir milli ára. Varnarmál hækka um 65,2% og munar mestu að nú kemur Ratsjárstofnun undir þennan lið. Útgjöldin eru 7,3 ma.kr. innan áætlunar og skýrist rúmur helmingur af því að framkvæmdir í samgöngumálum og annarri fjárfestingu fara hægar af stað en gert hafði verið ráð fyrir.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs er jákvæður um 30,3 ma.kr. fyrstu tvo mánuði ársins, en lánsfjárförfin var 22,8 ma.kr. króna fyrir sama tímabil í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður nam 31,8 ma.kr. og er 5,7 ma.kr. hagstæðari en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Tekjur ríkissjóðs janúar - febrúar 2006-2008

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2006	2007	2008	2006	2007	2008
Skatttekjur og tryggingagjöld	68.547	82.517	90.669	19,4	20,4	9,9
Skattar á tekjur og hagnað	33.228	39.781	44.410	45,8	19,7	11,6
Tekjuskattur einstaklinga	13.405	15.537	15.718	10,9	15,9	1,2
Tekjuskattur lögaðila	5.966	3.280	2.954	333,8	-45,0	-9,9
Skattur á fjármagnstekjur	13.856	20.964	25.738	48,5	51,3	22,8
Eignarskattar	2.016	1.703	1.655	-15,3	-15,5	-2,9
Skattar á vöru og þjónustu	26.973	33.511	36.228	1,3	24,2	8,1
Virðisaukaskattur	18.133	24.718	25.898	-2,8	36,3	4,8
Vörugjöld af ökutækjum	1.618	1.063	2.472	20,9	-34,3	132,5
Vörugjöld af bensíni	1.441	1.331	1.391	4,9	-7,7	4,5
Skattar á olíu	1.154	1.320	1.403	-10,8	14,4	6,3
Áfengisgjald og tóbaksgjald	1.657	1.764	1.776	5,0	6,5	0,7
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	2.971	3.316	3.289	24,1	11,6	-0,8
Tollar og aðflutningsgjöld	362	779	1.158	-14,8	115,4	48,7
Aðrir skattar	112	170	322	8,9	52,0	89,3
Tryggingagjöld	5.857	6.572	6.896	15,5	12,2	4,9
Fjárframlög	111	95	-	-7,1	-14,7	-100,0
Aðrar tekjur	3.571	4.671	5.100	14,3	30,8	9,2
Sala eigna	14	314	53	-	-	-
Tekjur alls	72.244	87.597	95.822	19,0	21,3	9,4

Gjöld ríkissjóðs janúar - febrúar 2006-2008

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2006	2007	2008	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	5 255	6 189	7 189	17,8	16,2
Þar af vaxtagreiðslur	597	917	1 257	56,4	37,0
Varnarmál	150	105	173	-29,9	65,2
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	2 057	2 522	2 525	22,6	0,1
Efnahags- og atvinnumál	5 673	7 288	6 464	28,5	-11,3
Umhverfisvernd	460	591	519	28,6	-12,2
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	72	80	87	9,9	9,5
Heilbrigðismál	12 971	14 261	15 421	9,9	8,1
Menningar-, íþróttar- og trúmál	2 619	3 114	3 364	18,9	8,0
Menntamál	7 293	7 825	8 921	7,3	14,0
Almannatryggingar og velferðarmál	11 368	13 404	13 781	17,9	2,8
Óregluleg útgjöld	984	1 143	1 987	16,2	73,8
Gjöld alls	48 902	56 521	60 434	15,6	6,9